



Borgarráð

Reykjavík, 6. janúar 2026

MSS26010045

Aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu 2026-2028

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar 2026-2028. Til að ná fram markmiðum lýðheilsustefnunnar er lögð fram aðgerðaáætlun með reglulegu millibili út frá stöðumati á hverjum tíma til að mæta helstu áskorunum sem snúa að heilsu og líðan borgarbúa.

Greinargerð:

Aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar er lifandi skjal og er það á ábyrgð faghóps í lýðheilsumálum að uppfæra aðgerðir og leggja reglulega fyrir borgarráð. Lýðheilsustefna Reykjavíkur er ein af meginstefnum borgarinnar og samofin öðrum stefnum hennar þar sem nær öll starfsemi borgarinnar hefur með beinum eða óbeinum hætti áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Leiðarljós í starfsemi Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að áhersla á lýðheilsu sé ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur og að með þeim hætti hámarkum við lífsgæði borgarbúa. Aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu byggir á þremur lykilþemum stefnunnar:

1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum,
2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir
3. Heilsa og vellíðan er vegvisir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar.

Uppfærslan felur í sér að taka út þær aðgerðir sem hefur verið lokið, bæta inn þeim aðgerðum sem eru nýjar og styðja með beinum hætti við markmið lýðheilsustefnu. Aðgerðaáætlun er ekki ætlað að vera tæmandi listi yfir allar aðgerðir sem bæta lýðheilsu heldur eru þar dregnar fram lykilaðgerðir og áherslur sem unnið er með á tímabilinu.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu 2026-2028.



Reykjavík

Aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu 2026–2028

Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur stefnunnar voru hafðar til hliðsjónar við mótn og endurskoðun aðgerðaáætlunar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á aðgerðaáætluninni í samvinnu við fagsvið þar sem við á.

Aðgerðaráætlun er lifandi skjal og endurskoðun aðgerðaáætlunar er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samvinnu við fagsvið, stýrihóp og faghóp Reykjavíkurborgar um lýðheilsu.

Til viðbótar við aðgerðaáætlun stefnunnar eru fjölmargar aðgerðir sem falla undir aðrar stefnur og málaflokka Reykjavíkurborgar en eru til þess fallnar að stuðla að bættri lýðheilsu í Reykjavík. Yfirlit yfir þessar aðgerðir og starfsemi má sjá í viðaukanum *Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar*. Slíkt yfirlit verður aldrei tæmandi.

1.1 Lýðheilsusjóður Heilsueflandi hverfa

Aðgerð:

Reykjavíkurborg er virkur þátttakandi í starfi Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag, og er í þéttu samstarfi við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og önnur sveitarfélög um bestu framkvæmd og þróun starfsins. Innleiðing Heilsueflandi samfélags styður við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heilsueflandi samfélag í Reykjavík er unnið að miklu leyti í gegnum miðstöðvar borgarinnar undir yfirskriftinni Heilsueflandi hverfi. Fjármagni í formi lýðheilsujóðs heilsueflandi hverfa er úthlutað til miðstöðva í framkvæmd verkefnisins, sem deilist skv. íbúafjölda og ásamt því er hluti af sjóðnum sem er fer í miðlæg verkefni og er í umsjá verkefnastjóra lýðheilsamála á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Taka skal mið af markmiðum Heilsueflandi samfélags við ráðstöfun fjármuna og áhersla lögð á sýnileika verkefnisins. Verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd verkefnisins á þjónustumiðstöðinni bera ábyrgð á úthlutun skv. úthlutunarreglum sjóðsins og skila yfirliti með rökstuðningi til verkefnastjóra lýðheilsamála á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ár hvert.

Ábyrgð:

Miðstöðvar í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Markhópur: Almennigur

Kostnaður:

20 milljónir hvert ár

Mælikvarði: Lýðheilsuvísar og gátlistar Heilsueflandi samfélags

1.2 Unnið eftir gátlista Heilsueflandi samfélags

Aðgerð:

Vinnsla gátlista á vefnum www.heilsueflandi.is er veigamikill hluti af markvissu heilsueflingarstarfi innan Heilsueflandi samfélags. Yfirferð þeirra veitir innsýn í stöðuna og í framhaldi eru þeir vinnutæki til að halda utan um starfið og meta framvindu þess.

Reykjavíkurborg hefur fimm mismunandi aðgangar að vinnusvæðinu, á tveimur mismunandi stigum. Einn aðgangur er á ábyrgð verkefnastjóra lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem lagt er mat á stöðu borgarinnar í heild sinni. Miðstöðvar borgarinnar hafa svo hver sinn aðgang, á ábyrgð þeirra verkefnastjóra sem starfa við heilsueflingu og forvarnir, þar sem lagt er mat á stöðuna í þeim hverfum sem miðstöðinni tilheyrir.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og Miðstöðvar

Markhópur: Almennir

Áætluð verklok: árleg uppfærsla

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Að dregin hafi verið grunnlína allra lista og að tekið sé mið af þeim í vinnu við aðgerðaráætlanir heilsueflandi hverfa

1.3 Bætt félagsfærni og líðan barna og unglunga

Markviss vöktun á líðan barna og unglunga m.a. samkvæmt forvarnaráætlun. Sérstök áhersla lögð á að vinna með niðurstöður með börnum og unglingum.

Efling foreldrasamstarfs og að unnið verði markvisst að því að efla tengsl foreldra og barna. Rannsóknir sýna að samskipti við foreldra skipta höfuðmáli á nær öllum sviðum í lífi barna og unglunga og hafa gríðarmikil áhrif á heilsu og vellíðan þeirra. Ef foreldrar og/eða forráðamenn setja skýrar reglur og hafa miklar væntingar til barna sinna og unglunga í bland við hlýju, virðingu og opin samskipti, þá leiðir það til meiri áhuga og árangurs í námi og starfi en einnig til minni hættu á depurð og kvíða. Sérstök áhersla verður lögð á nýsköpun í foreldrasamstarfi.

Unnið að því að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Ráðist hefur verið í aðgerðir til að fjölga fagmenntuðum tómstunda og félagsmálafræðingum, efla starfsánægju, draga úr vinnuálagi og stemma stigu við starfsmannaveltu og manneklu í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Skoðaðar verði leiðir til þess að fjölga frístundafræðingum sem starfa einnig á starfstíma grunnskóla.

Ábyrgð: Skóla og frístundasvið í samstarfi við Miðstöðvar

Markhópur: Börn og unglingar

Áætluð verklok: 2027

Kostnaður: innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Gögn um heilsu og líðan barna og unglunga. Fjölgun á frístundafræðingum á starfstíma grunnskóla.

1.4 Allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar heilsueflandi fyrir 2027

Allir leik- og grunnskólar, og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði orðin virkir þátttakendur í Heilsueflandi starfsemi embættis landlæknis árið 2027. Með virkum þátttakendum er átt við að þau nýti sér vefsvæði verkefnanna og gátlista til að þróa og vakta heilsueflingarstarf sitt.

Í byrjun árs 2024 voru 36 leikskólar af 68 í Reykjavík þátttakendur í Heilsueflandi leikskólum, 27 grunnskólar af 38 þátttakendur í Heilsueflandi grunnskóla, auk þess sem 86% félagsmiðstöðva og 73% frístundaheimila eru að vinna með gátlista um heilsueflandi félagsmiðstöðvar og frístundaheimili.

Ábyrgð:

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið

Markhópur: Börn og ungmenni

Áætluð verklok: Árslok 2027

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Hlutfall leik- og grunnskóla, frístunda- og félagsheimila sem eru þátttakendur í Heilsueflandi verkefnum Embætti Landlæknis.

1.5 Vinnustaðir Reykjavíkurborgar heilsueflandi

Helstu viðfangsefni heilsustefnunnar eru líkamleg heilsa, andleg og félagsleg heilsa, hreyfing, stoðkerfi, næring og svefn. Starfsfólk og vinnuveitendur hafa ávinning af því að vinnustaðir séu heilsueflandi í formi færri slysa og sjúkdóma, bættrar heilsu og aukinni vellíðan og starfsánægju, og vinnuveitendur í fækkun veikindadaga og fjarvista starfsfólks, minni starfsmannaveltu og aukinni framleiðni og nýsköpun.

Meðal verkefna sem fylgt hafa í kjölfar heilsustefnunnar eru stofnun stuðnings- og ráðgjafateymis, sem hefur það hlutverk að hlúa að andlegri og félagslegri heilsu starfsfólks. Einnig hafa verið hækkaðar upphæðir í heilsustyrk og samgöngustyrk. Kannanir sýna vitundarvakningu og mikla aukningu í aðgengi starfsfólks að heilsutengdri fræðslu og að heilsutengd hlunnindi eru vel kynnt fyrir starfsfólki.

Meðal verkefna næstu ára í innleiðingu heilsustefnu er að styðja við fræðslu um líkamsbeitingu, til að minnka líkur á stoðkerfisvanda sem oft leiðir til skammtíma- og langtíma veikinda. Einnig er áformað að auka við stuðning varðandi næringu á starfsstað, þannig að allt starfsfólk geti haft aðgang að hollum mat á vinnutíma. Þá er fylgst með nýtingu heilsutengdra hlunninda, m.a. eftir sviðum.

Viðverustefna Reykjavíkurborgar er önnur undirstefna mannauðsstefnu sem einnig er í virkri innleiðingu. Viðverustefnan hefur það að markmiði að styðja við og hlúa að starfsfólki sem hefur verið fjarverandi frá vinnu vegna veikinda. Lögð er áhersla á fræðslu og þjálfun stjórnenda í viðverusamtölum og öðrum stuðningi og að skýra alla ferla tengda veikindum og viðveru. Megin-árangursmælikvarði viðverustefnu eru heildar veikindafjarvistir.

Ábyrgð:

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Markhópur: Starfsfólk Reykjavíkurborgar

Áætluð verklok: Heilsustefna Reykjavíkurborgar er í gildi til 2027

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Árangursmælikvarðar heilsustefnu t.a.m. veikindafjarvistir, notkun heilsutengdra hlunninda og starfsmannavelta ásamt því að rýna niðurstöður heilsutengdra mælikvarða í viðhorfskönnunum

1.6 Heilsuefning eldra fólks og aldursvæn borg

Innleitt verður sama vinnulag við heilsuefningu og forvarnir eldra fólks og beitt er við forvarnir barna og ungmenna. Þannig verður unnið að því að safna reglulegum gögnum um hagi og líðan eldra fólks til að meta helstu styrkleika og áskoranir og hugað verði að forvarnarþáttum í stefnumótun eldra fólks. Kortleggja vísa í lýðheilsuvísam sem meta sérstaklega heilsu og líðan eldra fólks.

Reykjavíkurborg varð þátttakandi í alheimsneti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aldursvænar borgir árið 2015. Þau átta málefnasvið sem unnið er með til þess að gera borgir aldursvænar snúa að samfélagi og heilbrigði, samgöngum, húsnæði, félagslegri þátttöku, virðingu og félagslegri inngildingu, samfélagslegri þátttöku og atvinnu, samskiptum og upplýsingum. Reykjavíkurborg á að vera aðgengileg, aðlaðandi og hentug fyrir eldri íbúa og um leið betri borg til að búa í fyrir öll. Stefna og aðgerðaráætlun í málefnum eldra fólks er unnin út frá málefnasviðunum átta í aldursvænum borgum.

Samræmd upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsuefningu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að eldra fólk þekki til framboðs á virkni innan borgarinnar og hafi jöfn tækifæri á að kynna sér upplýsingar um frístundir og viðburði á vegum borgarinnar. Virkniþing verður haldið árlega þar sem starfsemi fyrir eldra fólk er kynnt.

Ábyrgð:

Velferðarsvið, Menningar- og íþróttasvið, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Markhópur: Almennir

Áætluð verklok: í stöðugri vinnslu

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Hagir og líðan eldri borgara, lýðheilsuvísar

1.7 Fræðsluáttak um lýðheilsu og heilsulæsi

Heilsulæsi gerir fólki kleift að taka jákvæðar ákvarðanir fyrir heilsu sína og líðan. Það felur í sér ákveðið stig þekkingar, persónulega færni og sjálfstraust til að grípa til aðgerða til að bæta heilsu einstaklinga og samfélagshópa með því að breyta persónulegum lífnaðarháttum og lífsskilyrðum.

Aðgerðin felur í sér að a) fræðslu til að auka heilsulæsi í borginni með vitundarvakningu um það sem hefur áhrif á heilsu og hvað hægt sé að gera til að efla hana og b) upplýsingagjöf um hvernig markmið og aðgerðir borgarinnar í borgarþróun og skipulagsmálum og öðrum málaflokkum er ætlað að stuðla að bættri lýðheilsu.

Gerð verður birtingaráætlun og m.a. verða búin til veggspjöld til dreifingar og farið verður í hreyfiherferð þar sem markmiðið verður að auka hreyfingu borgarbúa. Auk þess verður farið í áttak á samfélagsmiðlum sem snúa að lýðheilsu borgarbúa, sérstök áhersla verður lögð á umhverfi og útivist.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við fagsvið borgarinnar eftir þörfum. Samstarf við Embætti landlæknis

Markhópur: Almenningur

Áætluð verklok:

2027

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Fræðsluefni hefur verið framleitt og birt skv. áætlun

1.8 Mikilvægi svefns fyrir heilsu og líðan

Til samræmis við tillögu starfshóps mun skóladagur unglunga hefjast í fyrsta lagi kl. 08:50 að morgni frá og með haustinu 2024. Árgangarnir mega byrja seinna að morgni en stjórnendur og starfsfólk hvers skóla mun útfæra fyrirkomulagið eins og best hentar skólastarfi í hverjum skóla fyrir sig. Þetta er til samræmis við samþykkt borgarráðs, lýðheilsustefnu, menntastefnu og forvarnaáætlun borgarinnar.

Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára og verður því fylgt eftir og árangur mældur í samstarfi við Betri svefn og embætti landlæknis.

Rannsóknir um allan heim hafa sýnt að seinkun á byrjun skóladags er gagnleg leið til að lengja svefn unglunga sem skilar heilsufarslegum ávinningi ásamt því að bæta námsárangur þeirra. Unglingar sem sofa nóg eru heilsusamlegri, hamingjusamari, standa sig betur í námi og tómstundum, eiga auðveldara með félagsleg tengsl, þeim líður betur andlega og sýna síður áhættuhegðun. Það er því ljóst að samfélagslegur og heilsufarslegur ávinningur þess að seinka upphafi skóladags er töluverður og til mikils að vinna þegar kemur að vellíðan og lífsgæðum.

Ábyrgð:

Skóla- og frístundasvið

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis, Betri svefn

Markhópur: Ungmenn

Áætluð verklok: Vor 2027

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Skólapúlsinn, greiningar á heilsu og líðan ungmenna

1.9 Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026

Forvarnaráætlunin er unnin út frá lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar, Heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa“ og var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. október 2021. Leiðarljós stefnunnar eru að áhersla á lýðheilsu sé ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur og að öll forvarnarvinna byggji á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Aðgerðaáætlun er á ábyrgð forvarnarfulltrúa Reykjavíkurborgar og unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, menningar- og íþróttasvið, umhverfis- og skipulagssvið, velferðasvið (miðstöðvar) og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tekið er mið af áherslum verkefnisins Betri borg fyrir börn þar sem horft er heildstætt á líf þeirra með mikilvægan stuðning eins og birtist í forvarnarstarfi. Meðal annars er hugað að verndandi þáttum sem áherslu innan forvarnaráætlunar en rannsóknir hafa sýnt okkur að þeir skipta mestu máli varðandi forvarnir meðal barna og unglunga.

Áherslur forvarnaráætlunar eru tengdar skóla- og frístundastarfi borgarinnar og öðru frístundastarfi innan hennar og tryggir borgarbúum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum.

Hlutverki samráðshóps um forvarnir í forvarnaráætluninni er skýrt og og umboð hans til að fylgja eftir áherslum og aðgerðum áætlunarinnar tryggt.

Á grundvelli forvarnaráætlunar verði unnið eftir forvarnaráætlunum borgarhlutanna sem allar stofnanir borgarinnar og samfélagið innan hvers borgarhluta koma að. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Allir grunnskólar vinna forvarnaráætlun samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sem skulu tengdar forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar.

Aðgerðaráætlun forvarna barna og ungmenna verður uppfærð fyrir lok árs 2026.

Ábyrgð: Forvarnarfulltrúi Betri borgar fyrir börn í samstarfi við lýðheilsufulltrúa á skrifstofu borgarstjóra.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: 2026

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Framfylgd forvarnaráætlunar

1.10 Rannsóknir og kannanir á högum og líðan barna og ungmenna

Kannanir, mat og eftirlit er reglulega unnið í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Það er órjúfanlegur hluti af starfsemi þeirra og áhersla er lögð á að gögnin séu nýtt í innra mati starfsstaðanna.

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna en könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar hófst skólaárið 2021–2022. Rannsóknin er lögð fyrir vor hvert í grunnskólum í 4., 6., 8. og 10. bekk. Niðurstöðurnar sýna stöðu þátta er varða líðan, heilsuhegðun og viðhorf grunnskólanemenda. Skólar og sveitarfélög fá niðurstöðurnar og er markmiðið að þær geti stutt við stefnumótun hvers skóla og sveitarfélaga í heild. Fjórða hvert ár verður framkvæmd símakönnun meðal ungs fólks utan skóla.

Aðrar kannanir er varða hagi og líðan grunnskólabarna verða framkvæmdar eftir þörfum. Lögð verður áhersla á að tryggja samfellu í gagnaöflun með það að markmiði að meta þróun í neysluvenjum og líðan barna.

Ábyrgð: Skóla og frístundasvið, forvarnarfulltrúi Betri borgar fyrir börn ásamt lýðheilsufulltrúa á skrifstofu borgarstjóra

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: stöðugt í vinnslu

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

1.11 Allir með

Verkefnið „Allir með“ er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra). Verkefnið er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar eru skýr ákvæði um viðeigandi aðlögun allra í íslensku samfélagi.

Allir með er samstarfsverkefni sem gengur útá að fjölga tækifærum fyrir fötluð börn innan íþróttahreyfingunnar.

Markmiðið er að gefa þeim tækifæri á að æfa sína íþrótt hjá sínu hverfafélaga og geta þannig byrjað samhliða hinum. Samræming verkefnisins fer fram á miðstöðvum borgarinnar.

Ábyrgð:

Miðstöðvar og ÍBR

Markhópur: Fatlað fólk með áherslu á börn og ungmenni

Áætluð verklok: 2029


Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Aukin þátttaka

1.12 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar er leiðarvísir að því hvert verður haldið næstu fimm árin til að vinda ofan af loftslagsbreytingum af manna- völdum og koma í veg fyrir hamfarir sem af þeim hlýst. Markmiðið með aðgerðunum er að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum til að markmið Parísarsamkomulagsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5 °C náist. Þá stefnir Reykjavíkurborg að kolefnishlutleysi árið 2040. Loftslagsáætlun 2021 - 2025 endurspeglar þá víðtæku nálgun og breidd verkefna sem þarf til að umbreyting eigi sér stað í átt að kolefnishlutlausu samfélagi. Í stefnunni eru sett fram 6 meginmarkmið og 3 styðjandi flokkar þvert á meginmarkmiðin. Fimmtán meginaðgerðir hafa verið skilgreindar og miða þær að því að draga úr kolefnislosun um tæp 300.000 tonn fyrir árið 2030. Hér má sjá nánari upplýsingar um [loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar](#)



Ábyrgð:

Umhverfis- og skipulagssvið

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: Aðgerðaráætlun er í gildi til 2025 og unnið er að uppfærslu

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Mælikvarðar loftslagsáætlunar

1.13 Bætt loftgæði – Stefna og aðgerðir

Reykjavík leggi metnað í að marka langtímastefnu um loftgæði og uppfæra aðgerða- og viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar um loftgæði. Skipaður verður stýrihópur, sem mun meðal annars hafa hliðsjón af þeim heimildum sem tilgreindar eru í 85. gr. umferðalaga nr. 77/2019, er varðar takmörkun eða bann umferðar um stundarsakir, m.a. vegna heilsufarsástæðna og botna þá lagalegu óvissu og mismunandi sjónarmið sem ríkt hefur um heimildina. Þá mun hópurinn skoða aðgerðir borga og landa erlendis, efna til umræðna um þær og meta hverjar gætu hentað hérlandis

Stefna og aðgerðir byggja á eftirfarandi markmiðum: 1. Halda svifryksmengun innan lögbundinna marka, 2. Minnka hlutfall negldra dekkja, 3. Orkuskipti, 4. Breyting á ferðavenjum.

Aðgerðaáætlun feli í sér bæði beinar og óbeinar stýringaraðgerðir. Hún verði einnig uppfærð á grundvelli nýrra umferðarlaga og horft til samstarfs á höfuðborgarsvæðinu og hugmynda og aðgerða sem gripið hefur verið til í nágrennaborgum og Evrópu, s.s. varðandi nagladekk og hraða umferðar.

Jafnframt verði stefnt að samstarfi við umhverfisstofnun um að fjölga loftgæðamælum í Reykjavík. Aðgerðaáætlunin verði samræmd viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur það markmið að skilgreina skammtímaaðgerðir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði í borginni í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1998 og 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum og áætlun um loftgæði á Íslandi, *Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029*.

Ábyrgð:

Stýrihópur um aðgerðaráætlun loftgæða.
Samráð verði haft við hagsmunaaðila

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: 2026

Kostnaður:

Kostnaður við mótun stefnunnar er innan fjárhagsramma en kostnaðarmeta þarf aðgerðaáætlun þegar hún liggur fyrir

Mælikvarði: Nagladekkjanotkun, loftgæði skv. mælum, svifryk innan lögbundinna marka og skv. heilsuverndarmörkum og fjöldi ótímabærra dauðsfalla. Mælikvarðar um ferðavenjur

1.14 Umferðaröryggisáætlun og hámarkshraðaáætlun

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar og hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkurborgar 2019–2023:

Stefnt er á að Reykjavíkurborg taki upp núllsýn í umferðaröryggismálum, þ.e. þá langtímasýn að enginn hljóti varanlegt heilsutjón sökum umferðarslysa.

Markmið Reykjavíkurborgar í umferðaröryggismálum 2019–2023:

1. Banaslysum fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við fjölda banaslysa árána 2012–2016. Ekki verði fleiri en fimm banaslys árin 2019–2023.
2. Alvarlegum slysum fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við meðaltal árána 2012–2016. Ekki verði fleiri en 194 alvarleg slys árin 2019–2023.
3. Alvarlegum slysum á börnum (0–17 ára) í umferðinni fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við árin 2012–2016. Ekki verði fleiri en 43 alvarleg slys á börnum árin 2019–2023.
4. Reykjavíkurborg taki upp núllsýn sem grundvöll vinnu sinnar við umferðaröryggismál á gildistíma áætlunarinnar.
5. Reykjavík sé fyrirmynd annarra sveitarfélaga í umferðaröryggismálum á Íslandi.

Þessi tölulegu markmið samsvara því að fjöldi þessara slysa verði um 25% minni við lok gildistíma öryggisáætlunarinnar en í upphafi hans. Núllsýnin var kynnt í Svíþjóð árið 1997 og byggir á þeim grundvallarhugsunarhætti að það sé siðferðislega óásættanlegt að einstaklingar tapi heilsunni varanlega sökum umferðarslysa (Tingvall og Haworth, 1999). Oft er núllsýnin skilgreind sem svo að enginn eigi að slasast alvarlega eða látast í umferðinni. Samkvæmt þessari hugmyndafræði er ekki réttlætanlegt að fórna heilsu vegfarenda fyrir aðra hagsmuni samfélagsins, t.d. eins og minni tafir.

Almennar aðgerðir umferðaröryggisáætlunar:

1. Umferðaröryggisrýni fari fram á nýrri hönnun í samgöngukerfinu sem og nýjum skipulagsáætlunum. Meðal annars lagt mat á öryggi barna og möguleika þeirra til að uppfylla samgönguþarfir sínar.
2. Núverandi inniviðir rýndir, þar sem það á við, út frá umferðaröryggissjónarmiðum og aðferðarfræði öruggs kerfis. Aðgerðir ákvarðaðar samhliða umferðaröryggisrýni sem geta meðal annars falið í sér breytingu á útfærslu eða aðlögun á hámarkshraða til að fækka slysum og draga úr alvarleika þeirra.
3. Áframhaldandi vinna við gerð umferðaröryggisáætlana fyrir grunnskóla.
4. Innleiðing Núllsýnar sem grundvallarhugmyndafræði í þróun umferðaröryggismála í Reykjavík.

Ábyrgð:

Umhverfis- og skipulagssvið

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: Unnið er að uppfærslu

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði:

Mælikvarðar umferðaröryggisáætlunar og uppfærsla

1.15 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa

Mikilvægur liður í því að tryggja góða lýðheilsu í Reykjavík og fylgja markvisst eftir þeim markmiðum lýðheilsustefnu, er að setja metnaðarfull markmið um gæði byggðar í aðalskipulagi. Skipulagsstefna sem leggur til grundvallar hugmyndafræði um sjálfbæra borgarþróun, líkt og aðalskipulagið gerir, styður í leiðinni við framfylgd lýðheilsustefnu. Fjölmarginir þættir í aðalskipulagi borgarinnar skipta máli við að skapa heilsuborg og vinna þeim gegn áhrifaþáttum sjúkdóma. Sem dæmi eru ferðavenjur og samgöngumátar, umferðarslys og loftgæði nátengd samgöngustefnu aðalskipulagsins. Aðgengi að grænum svæðum, sund- og laugum, íþróttamannvirkjum og aðstöðu til útivistar í öllum hverfum skiptir líka miklu máli. Markmið um félagslega blöndum og jöfnuð gegna lykilhlutverki til að auka traust, félagsauð og vinna gegn áhrifum ójafnaðar, sem er einn sterkasti áhrifaþáttur vanheilsu og sjúkdóma. Hreint loft, góð dagsbirta innan íbúða, góð loftræsting, útsýni til náttúrunnar og nálægð við sólrík dvalarsvæði og fallegan og gróskumikinn gróður gerir okkur gott líkamlega og andlega og eflir lýðheilsuna. Það sama gerir umhverfi sem er jafnan friðsælt, kyrrlátt og öruggt. En Lýðheilsa íbúanna er sannarlega einnig háð því að umhverfið og mannlífsflóran sé fjölbreytt, hverfið sé litríkt og iðí af mannlífi og að margvísleg verslun og þjónusta, veitingastaðir, afþreying og starfsemi séu í göngufæri við heimilið. Það getur til dæmis unnið gegn félagslegri einangrun og einmanaleika

Ábyrgð:

Umhverfis- og skipulagssvið

Markhópur:

Almenn aðgerð

Verklök:

Staðfesting aðalskipulags haust 2021 og árleg vöktun með framfylgd markmiða

Kostnaður:

Kostnaður við mótnun stefnunnar er innan fjárhagsramma. Markmiðum aðalskipulags er framfylgt með aðgerðaáætlunum í margvíslegum málaflokkum á viðkomandi sviðum.

Mælikvarðar:

Meðal mælikvarða sem eru og verða vaktaðir :

- ✓ Hlutfall íbúa í innan við 300 m göngufjarlægð frá útivistarsvæði
- ✓ Stærð (og fjöldi) grenndar matjurtagarða
- ✓ Fjöldi nemenda innan við 400 m frá grunnskóla
- ✓ Fjöldi íbúa innan við 1000 m frá heilsugæslu
- ✓ Fjöldi bekkja í almenningssýmum
- ✓ Hlutfall íbúða á vegum húsnæðisfélaga
- ✓ Fjöldi íbúa innan við 400 m frá biðstöð almenningssamgangna

Sjá nánar greinargerð Aðalskipulags Reykjavíkur 2040.

1.15 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa

Í aðalskipulagi til ársins 2040 (tillaga) eru sett háleitari markmið um gæði íbúðarbyggðar og um lífvænlegt borgarsamfélag. Í leiðarljósi þess segir eftirfarandi: Stuðla að kröftugum og sjálfbærum vexti borgar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og um samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

Í megin markmiðum aðalskipulagsins segir m.a

- Lýðheilsa borgarbúa verði ávallt höfð að leiðarljósi við skipulagningu og hönnun borgarumhverfisins. Skipulag hverfa örvi almennt hreyfingu, samveru, mannlíf og vistvænar ferðavenjur.
- Að íbúar allra hverfa borgarinnar hafi gott aðgengi að grænum svæðum og fjölbreyttum almenningssýmum. Lagður verði sérstakur metnaður í eflingu almenningssýma innan eldri hverfa sem og nýrra; við hönnun stærri og minni torga, göngugatna, smærri andrýma og gróðursvæða, stærri útivistarsvæða, leik- og íþróttasvæða og almennt dvalarsvæða fyrir alla aldurs- og félagshópa.
- Við skipulagningu og hönnun íbúðarbyggðar verði gæði húsnæðisins og nærumhverfis þess í fyrirrúmi. Í því samhengi þarf horfa sérstaklega til birtuskilyrða, hljóðgæða og loftgæða innandyrna sem og í inngörðum. Tryggja þarf að ákveðið lágmarkshlutfall lóða verði gróðursæl og sólrík útissvæði.
- Að skapa sjálfbær og heilbrigð borgarhverfi þar sem allir félagshópar hafa tækifæri til búsetu. Próaðar verði sterkar hverfisheildir sem standi undir grunnþjónustu, öflugri verslun og þjónustu, íþrótt- og frístundastarfsemi og fjölbreyttu mannlífi. Atvinnutækifærum innan hverfa verði fjölgað og atvinnukjarnar í grennd við einsleit íbúðarhverfi verði styrktir.

Framfylgd markmiða aðalskipulags verða sem fyrr vöktuð með árlegri skýrslugerð og mælikvarðavinnu.

1.16 Innleiðing matarstefnu Reykjavíkurborgar

Aðgerð:

Samþykkt var í borgarráði 6. júní 2023 að skipa stýrihóp um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið með mótun matarstefnu er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.

Hlutverk stýrihópsins er að uppfæra fyrri matarstefnu Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarstjórn 15. maí 2018 til að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.

Innleiðing matarstefnu er hluti af lýðheilsustefnu Reykjavíkur, Græna planinu og loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar og er skilgreind sem ein af þeim aðgerðum sem veitt verður eftirfylgni við innleiðingu lýðheilsustefnu. Hugað verður að sjálfbærni, næringarmarkmiðum, lýðheilsu, félagslegum þáttum, hagkvæmni, rekstrarfyrirkomulagi, framleiðslumöguleikum, nýsköpun á öllum stigum, umhverfispáttum eins og markmiðum um að draga úr matarsóun, setningu markmiða um hlutfall lífræns hráefnis og kortlagningu á þáttum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 um borgarbúskap.

Ábyrgð: Stýrihópur um innleiðingu matarstefnu

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis, Háskóli Íslands

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: 2026

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Mælikvarðar matarstefnu

1.17 Gerum holla valið auðvelda valið

Aðgerðir til að auðvelda fólki að nálgast og velja hollan kost í borginni. Dregið verður úr aðgengi að sykrudum og öðrum óhollum vörum á borð við orkudrykki hjá Reykjavíkurborg auk þess sem borgin beitir sér fyrir því að hið sama verði gert hjá samstarfsaðilum og einkaaðilum innan borgarinnar. Uppstilling og framboð í veitingasölu í stofnunum á vegum Reykjavíkurborgar var yfirfarin með það í huga að holla valið sé auðvelda valið. Skýrsla lá fyrir í mars 2023.

Unnið verðu að viðmiðum og leiðbeiningum fyrir forstöðufólk stofnana um framboð á vörum í veitingasölu sem samræmist ráðleggingum embættis landlæknis og stuðlar að heilbrigðum lífstíl.

Leitað verður eftir samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþróttafélög innan borgarinnar um að gera holla valið auðveldara í íþróttahúsum, á íþróttaviðburðum og í öðru starfi þeirra. Útbúið sé kynningarefni um hvað sé gott að hafa í huga við slíkar tilfæringar, og hvað gætu verið góðir kostir sem hluti af vöruúrvali á slíkum stöðum.

Ábyrgð:

Menningar- og íþróttasvið í samstarfi við faghóp lýðheilsamála

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2026

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Hlutfall hollari valkosta verði aðgengilegri á sölustöðum Reykjavíkur

1.18 Borgarskógar og lýðheilsa

Vitundarvakning um skóglendi innan borgarmarka. Skógurinn er almennt talinn „náttúrulega heilsubætandi“ og hefur mikla þýðingu fyrir lýðheilsuefningu borgarbúa. Skógurinn sjálfur og trjágróður í þéttbýli dregur úr áhrifum mengunar og öfgum í veðurfari og gerir þannig alla útiveru eftirsóknarverðari. Aukin útbreiðsla skóga og bætt aðgengi býður upp á fjölbreyttari möguleika til útivistar og nýtingar. Gott aðgengi og vel skipulagðir skógar skapa möguleika á ýmiss konar íþróttaiðkun, náttúruskoðun og fræðslu. Skóglendi nýtist til íþróttaiðkunar á borð við göngur, hlaup af ýmsu tagi, hjóleiðar, skíðagöngu, hestaferðir, o.fl. Skógar eru jafnframt mikið sóttir af ferðafólki, enda fylgir þeim oft en ekki útivistaraðstaða, kyrrð og næði og ekki síst skjól. Að vera úti í náttúrunni hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks.

Markmiðið með vitundarvakningu um borgarskóga væri að auka sýnileika þeirra svæða sem eru aðgengileg flestum. Mörg svæði eru í uppbyggingu og möguleikar til þess að ýta undir nýtingu á þessum svæðum meðal almennings.

Aðgerðin felur í sér myndbandagerð fyrir samfélagmiðla sem og aðra miðlun.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, samskiptateymi, umhverfis og skipulagssvið og menningar- og íþróttasvið

Markhópur: Almenn aðgerð

Kostnaður: Innan ramma

Áætluð verklok: Sumar 2026

1.19 Aukið aðgengi að bekkjum og gönguleiðum

Bekkir á gönguleiðum auðveldar fólki að taka sér hlé og auka möguleika á útivist. Bekkir geta einnig gegnt því hlutverki að skapa vettvang fyrir samskipti og draga úr félagslegri einangrun. Fleiri bekkir á skilgreindum gönguleiðum og helstu tengileiðum milli þjónustu, almenningssamgangna og útivistarsvæða auka lífsgæði borgarbúa.

Aðgerðin felur í sér að bæta aðgengi að bekkjum í borgarlandinu og að það sé unnið í samvinnu við íbúa í hverfum. Fleiri bekkjum sé komið fyrir á skilgreindum gönguleiðum og spjallbekkjum fjölgað. Samráð og þátttaka íbúa í hönnun og staðsetningu tryggir að aðgerðin endurspegli raunverulegar þarfir.

Framkvæmd verður þarfagreining á göngu og hjólaleiðum í Reykjavíkurborg með tilliti til merkinga leiða og upplýsingaskilta. Gönguleiðir með hvíldarstöðum og skýrum merkingum hvetja til reglulegrar hreyfingar.

Ábyrgð: Umhverfis og skipulagssvið, velferðarsvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Markhópur: Almenn aðgerð

Kostnaður: Innan ramma

Áætluð verklok: 2027

2.1 Gagnaöflun og áframhaldandi greining á félagslegu landslagi og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík

Rannsókn á félagslegu landslagi, tekjudreifingu og framlagi til samneyslunnar í Reykjavík 2000-2021 var hluti af aðgerðaráætlun lýðheilsustefnu 2021-2023. Skýrsla liggur fyrir og ljóst er að upplýsingar af þessum toga nýtist markvisst þvert á svið borgarinnar.

Eftirfylgni í formi gagnaöflunar og greiningar á félagslegu landslagi í Reykjavík út frá dreifingu lífskjara, bæði innan og á milli hverfa og íbúahópa þar sem jafngildar ráðstöfunartekjur eru notaðar sem lífskjaramæling.

Í gagnaöfluninni er lögð sérstök áhersla á hvernig landslagið hefur breyst yfir tíma frá árinu 2000, m.t.t. til þess hvort svæðisbundin skipting eftir lífskjörum hefur breyst og að hvaða leyti sú skipting tengist klösun (e. clustering) bakgrunnsþátta eftir hverfum, en slíka þróun má greina í mörgum borgum á Vesturlöndum samkvæmt erlendum rannsóknum. Slíkt misræmi hefur einnig leitt til misræmis á milli hverfa, í staðbundnum vandamálum, þjónustu og stuðningi af hálfu borgaryfirvalda. Aukin gagnaöflun og eftirfylgni styður við ákvarðanatöku og stefnumótun þvert á svið borgarinnar.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara í samstarfi við Velferðarsvið, Skóla- og frístundasvið, Umhverfis- og skipulagssvið, Kolbein Hólmar Stefánsson og Háskóla Íslands.

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: samkvæmt samningi

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Nýting gagna, greinum og útdráttum skilað til Reykjavíkurborgar

2.2 Frístundir barna í Reykjavík

Markmið verkefnisins Frístundir í Reykjavík eru að efla heilbrigði, íþrótt- og frístundabátttöku, nýtingu frístundakortsins, félagsleg tengsl, samfélagslega samlögun og íslenskukunnáttu íbúa í Reykjavík með sérstaka áherslu á íbúa með fjölbreyttan bakgrunn. Verkefnið er hluti af markmiðum borgarinnar um að efla lýðheilsu og auka inngildingu (Intercultural).

Þó verkefnið nái til allra aldurshópa barna verður lögð megin áhersla á að virkja börn í 1.-2. bekk grunnskóla til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Við innleiðingu er horft til jaðarsettra barna sem markhóps. Með því að auðvelda börnum í upphafi skólagöngu þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi aukast líkur á að þau myndi félagslega tengsl sem síðan auka líkur á áframhaldandi þátttöku og þar með samlögun og virkni í samfélaginu öllum til heilla.

Þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi og nýting frístundakorts í hópi innflytjenda og barna sem eru jaðarsett er lægri en í öðrum markhópum. Sérstök ástæða er til að huga að þátttöku og félagslegri samlögun barna af erlendum uppruna í hverfum borgarinnar, barna sem eru fötluð og barna sem búa við fátækt. Vegna þessara aðstæðna hafa eftirtalin markmið verið sett fyrir verkefnið:

- Að auka þátttökuhlutfall þeirra barna í íþrótt- og frístundastarfi sem eru með bakgrunn innflytjenda og eru jaðarsett til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í hóp innflytjenda og þeirra sem eru jaðarsett til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þátttöku, aukna færni í íslensku og félagslega samlögun barna með mismunandi bakgrunn í íslensku samfélagi.

Starf frístundatengils sem vinnur á vettvangi við ráðgjöf og stuðning við börn og foreldra til að fara í íþróttir og frístundir er öflugasta aðgerðin til að ná þessum markmiðum. Í starfinu fellst maður á mann vinna í skólunum og á vettvangi.

Ábyrgð:

Miðstöðvar

Markhópur: Börn og fjölskyldur með áherslu á börn innflytjenda og jaðarsett börn

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Sbr. markmið í lýsingu aðgerðar, að hækka hlutfall jaðarsettra barna og ungmenna í frístundum.

2.3 Almannavarnir

– Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og viðbragðsáætlanir

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna og í því skyni er skipuð neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og samþykkt viðbragðsáætlun borgarinnar sem neyðarstjórnin starfar samkvæmt. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð.

[Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar](#) hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almanniheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða.

Viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar tekur ekki á sérstökum atburði, heldur fjallar almennt um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða hjá Reykjavíkurborg við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið, hvort sem það er skilgreint sem formlegt almannavarnaástand eða ekki.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Samstarfsaðilar:

Fagsvið Reykjavíkurborgar, almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins og Rauði kross Íslands

Markhópur: Almenn aðgerð

Áætluð verklok: Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar er skipuð til ársloka 2026 og verður þá endurskipuð. Núgildandi viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar er dagsett 3. janúar 2023. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan Reykjavíkurborgar. Þar að auki skal borgarstjórn yfirfara áætlunina við upphaf nýs kjörtímabils.

Kostnaður:

Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Borgarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta.

2.4 Lýðheilsa og samráð

Stuðla að félagslegum jöfnuði og auknu lýðræði með því að nota þátttökuaðferðir til að fá borgarbúa til að taka þátt í ákvarðanatöku og þannig stuðla að eigin heilsu, vellíðan og auknum lífsgæðum. Áhersla á aðgengi, umhverfi og alhliða hönnun. Stefnt er að því að nota staðlaða verkfærið Place Standard Tool en einnig eru möguleikar á að vera með mismunandi vinkla sem snúa til að mynda að áhrifum loftslagsbreytinga á umhverfið.

Innleiðing á Place Standard verkfærinu veitir einfaldan ramma til að skipuleggja lýðræðislega þátttöku um tiltekið umhverfi og aðstæður. Verkfærið gerir fólki kleift að meta ákveðna þætti í nærumhverfi (til dæmis innviði, rými og samgöngutengingar) sem og félagslega þætti (til dæmis hvort fólk upplifi sig öruggt).

Lýðræðisverkfærið veitir leiðbeiningar um umræður, sem gerir þér kleift að íhuga alla þætti staðar út frá ákveðinni aðferðarfræði og dregur fram kosti sem eru til staðar sem og svæði þar sem hægt er að ráðast í umbætur.

*[The Place Standard tool is a way of assessing places. | Our Place](#)

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara í samstarfi við mannréttindaskrifstofu og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Kostnaður:

Samstarfsaðilar:

Embætti landlæknis, Public Health Scotland

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: 2026

2.5 Hinseginleiki og lýðheilsa

Tekið verði mið af hinseginleika í öllum könnunum um lýðheilsu

Að spurt er um hinseginleika (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni) í öllum könnunum sem ávarpa lýðheilsu íbúa Reykjavíkurborgar, á öllum aldursstigum. Þannig mun hver og ein könnun vera útbúin með spurningum um hinseginleika.

Leitast verður eftir því að þróa viðeigandi spurningar til að spyrja um mismunandi hinsegin breytur og ólík fjölskylduform þar sem við á, með hliðsjón af markhópnum, aldri hans og þroska sem og af persónuverndarlögum. Þannig verður ávallt hægt að nálgast gögn um lýðheilsu greind eftir hinseginleika.

Með því móti verður hægt að aðlaga, breyta og bæta þjónustu þannig að hún taki mið af stöðu og þörfum hinsegin fólks og vinni að bættri lýðheilsu þeirra. Í framhaldinu verði samtal um stöðu hinsegin fólks og aðgerðir á þessu sviði.

Hinsegin börn og ungmenni

Tryggt fjármagn til félags- og frístundastarfs fyrir hinsegin börn og ungmenni. Hinsegin börn og ungmenni eru oft jaðarsett í eigin skólaumhverfi og því þótt tilefni til að gefa þeim sérstakan vettvang til að hitta önnur börn og ungmenni sem einnig tilheyra hinsegin samfélaginu. Undanfarin ár hefur verið boðið upp á sértækt hópastarf fyrir hóp barna 10–12 ára ásamt hefðbundinni opnun Hinsegin félagsmiðstöðvar í Reykjavík. Lögð verður áhersla á samráð við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgð:

Mannréttinda- og
lýðræðisskrifstofa og Skrifstofa
borgarstjóra og borgarritara

Markhópur: Hinsegin fólk,
starfsfólk Reykjavíkurborgar

Áætluð verklök: 2026

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Gagnaöflun miði við
að hafa kost á því að greina gögn
út frá hinseginleika. Gögn nýtt í
stefnumótun, heilsuefingar- og
forvarnarstarfi.

3.1 Þátttaka í lýðheilsborgarsamtökum Evrópu og skipan stýrihóps Reykjavíkur

Heilsborgarverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar miðar að því að draga fram áherslu á lýðheilsu í borgarumhverfinu. Undanfarin þrjátíu ár hefur þar byggst upp mikil þekking á fjölmörgum lykilviðum sem máli skipta til að ná lýðheilsuþróun og stuðla um leið að auknum lífsgæðum í borgum. Með þátttöku í verkefninu lýsir borgin því yfir að hún ætli að horfa til heilsu og vellíðanar í stefnumótun borgarinnar, líkt og rík hefð er fyrir í Reykjavík og setur sér markmið í samræmi við markmið heilsborgarverkefnisins.

Reykjavík varð aðili að samtökunum árið 2021 og hefur tekið fullan þátt í starfsemi samtakanna síðan.

Næsti fasi samtakanna er 2025–2030 og þarf að sækja sérstaklega um þátttöku í þeim fasa. Lagt er til að skipaður verði tengiliður og stýrihópur um þátttöku Reykjavíkurborgar í heilsborgarsamtökum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Heilsueflandi samfélagi. Verkefni þeirra er að vinna að markmiðum og aðgerðum sem settar voru fram í aðildarumsókn Reykjavíkur, samræma þær aðgerðir við lýðheilsustefnu borgarinnar og að taka þátt í öðrum verkefnum og starfi á vegum samtakanna og í tengslum við þátttöku í Heilsueflandi samfélagi.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

Embætti landlæknis.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Miðast við fasa VIII hjá heilsborgarsamtökunum sem er til ársins 2030.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsuvísar Reykjavíkur og framfylgd aðgerða í samræmi við umsókn Reykjavíkur um aðild að heilsborgarsamtökunum.

3.2 Faghópur um lýðheilsu

Starfandi hefur verið síðan 2016 samráðshópur um lýðheilsu í Reykjavík sem fundar mánaðarlega.

Í hópnum skulu vera þeir verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd Heilsueflandi hverfa í þjónustumiðstöðvum borgarinnar, auk fulltrúa fagsviða og forvarnafulltrúa. Verkefnastjóri frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heldur utan um hópinn sem ætlað er að hafa yfirsýn yfir heilsueflingar og forvarnastarf í Reykjavík, framkvæmd þess og þróun með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna og lýðheilsuvísa, auk þess að styrkja tengslanet þeirra sem að málaflokknum koma. Haldnir séu mánaðarlegir fundir, en ekki þarf að kalla allan hópinn til í hvert sinn heldur skal boðað til funda eftir þörfum hverju sinni. Hópurinn skilar árlegri stöðuskýrslu og sinnir hlutverki stýrihóps Heilsueflandi samfélags, styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaáætlunar hennar.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

Fagsvið Reykjavíkurborgar og embætti landlæknis.

Markhópur: Starfsfólk og starfsemi Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu.

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Framvinduskýrsla á aðgerðaráætlun lýðheilsustefnu

3.3 Lýðheilsuvísar og mælaborð borgarbúa

- kortlagning og þróun

Þróun og innleiðing lýðheilsuvísa og og birting þeirra í mælaborði borgarbúa. Lýðheilsuvísar voru fyrst gefnir út af Reykjavíkurborg árið 2019 og eru notaðir til að undirbyggja stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg sem skal vera gagnadrifin.

Vísana skal gefa út árlega, og þeir þróaðir eins og þörf krefur. Ekki eru allir lýðheilsuvísar sem safnað er birtir út á við, sumir eru eingöngu nýttir í innra starfi borgarinnar. Leitast er við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík og að birta ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstök hverfi eða skóla, eða persónugreinanlegar upplýsingar. Lögð er áhersla á vísa sem hafa tengsl við verk- og valdsvið borgarinnar og stefnumótun í málaflokknum.

Leggja áherslu á gagnaöflun um heilsu og líðan eldra fólks í borginni. Stefnt skal að því að bæta inn í lýðheilsuvísa Reykjavíkur völdum vísam sem snúa að eldri borgurum sérstaklega. Horfa þarf til viðkvæmra hópa sérstaklega og stendur til að velja ákveðna mælikvarða sem tengjast aðgerðum lýðheilsustefnunnar (t.d. heilsa, líðan, svefn, einmanaleiki) sem hægt verður að uppfæra reglulega á mælaborði borgarbúa.

Lýðheilsuvísarnir, mælaborðið og gátlistar HSAM verða helstu mælikvarðar á aðgerðir lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar. Jafnframt þarf að skilgreina birtingu mælikvarða sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi og aðlagja þá að mælikvörðum lýðheilsustefnu, ISO-37120 og mælaborði borgarbúa.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

Fagsvið Reykjavíkurborgar, Embætti landlæknis, Rannsóknir og greining.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2026

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði:

Birting lýðheilsuvísa í mælaborði og árleg útgáfa þeirra.

3.4 Lýðheilsumat

Áframhaldandi þróun og innleiðing á lýðheilsumati í Reykjaborg en lýðheilsumat er samansafn af ferlum, aðferðum og tækjum og er ætlað að koma í veg fyrir að stefnur, áætlanir og rammar ýmiss konar hafi neikvæð áhrif á heilsu og líðan eða auki ójöfnuð til heilsu. Unnið verði að samstarfi við Embætti landlæknis t.d. í tengslum við Evrópuverkefni (JA PreventNCD) þar sem meginmarkmið verkefnisins er að innleiða árangursríkar aðgerðir til að koma í veg fyrir ósmitbæra sjúkdóma, eins og krabbamein, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma.

Á árunum 2021–2023 fór fram tvenns konar lýðheilsumat. Annars vegar var unnið [lýðheilsumat á áhrifum Covid-19 faraldurs á heilsu og líðan borgarbúa](#), og hins vegar var framkvæmt [lýðheilsumat á fyrsta áfanga borgarlínu](#).

Lýðheilsumat er skilgreint sem mat á áhrifum stefna og aðgerða á heilsu og líðan fólks og dreifingu þessara áhrifa innan þýðisins. Tilgangurinn er að hámarka möguleg jákvæð áhrif og lágmarka möguleg neikvæð áhrif að teknu tilliti til lýðheilsu. Lýðheilsumat er til í ólíkum útfærslum sem krefjast mismikillar sérfræðiþekkingar og aðfanga. Nánar er fjallað um skilgreiningu og tegundir lýðheilsumats í viðauka.

Með lýðheilsumati eru áhrif á heilsu og líðan gerð sýnileg og ef sú staða kemur upp að fara þurfi í aðgerð sem möguleg gæti haft neikvæð áhrif á heilsu og líðan þá er mikilvægt að setja fram mótvægisáðgerðir til að draga úr þeim neikvæðu afleiðingum eins og kostur er. Áhrif stefna og verkefna á áhrifaþætti heilbrigðis eru sum hver bein og augljós meðan önnur geta verið óbein og erfitt að koma auga á. Með lýðheilsumati er reynt að sjá fyrir og draga úr neikvæðum áhrifum þar sem við á.

Ávinningur af notkun lýðheilsumats:

Lýðheilsumat eykur meðvitund á öllum sviðum um hvernig ákvarðanir geta haft áhrif á heilsu og líðan, sýnir fram á tengsl heilbrigðis og annarra málaflokka og stuðlar að samræmingu aðgerða milli geira til að efla heilsu og líðan.

Ábyrgð:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

Embætti landlæknis og Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU).

Markhópur: Almenn aðgerð.

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma

Mælikvarði: Fjöldi lýðheilsumata á tímabilinu.

3.5 Velsældarhagkerfi

Innleiðing á velsældarhagkerfi í þeim tilgangi að horfa á hagkerfið út frá velsæld og lífsgæðum. Við tökum þannig markviss skref sem miða að því að forgangsraða í þágu velferðar og lífsgæða borgarbúa í ákvarðanatöku og áætlanagerð. Í velsældarhagkerfi eru sett skýr markmið þar sem teknar eru saman mælingar á þeim þáttum sem hafa áhrif á lífsgæði fólks á breiðum grundvelli. Þróaðir eru mælikvarðar sem eru þannig nýttir til þess að meta langtímaáhrif af ákvörðunum borgarstjórnar við fjárhagsáætlun. Í þróun þessara mælikvarða væri horft til félagslegrar, umhverfislegrar og efnahagslegrar sjálfbærni þar sem markmiðið er að komandi kynslóðir eigi líka möguleika á að lifa við góða heilsu.

1. Í samstarfi við alþjóðaheilbrigðismálastofnunina í gegnum aðild Reykjavíkurborgar að *Healthy Cities* tökum við þátt í frumkvöðlaverkefni sem snýr að því að aðlaga velsældarhagkerfi að sveitarstjórnarstigi. Í því felur sér að taka þátt í vinnustofum og þróa efnir fyrir aðrar borgir að nýta sér sem stefna að því að horfa til þess að innleiða velsældarhagkerfi.
2. Tryggja að horft sé til mælikvarða Græna plansins við innleiðingu og þar að auki verði skýr tenging við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna
3. Leitast verið eftir skilgreiningu á Velsældarhagkerfi fyrir sveitarfélög á Íslandi í samstarfi við forsætisráðuneytið og embætti landlæknis.

- [Political statement of the WHO European Healthy Cities Network: towards thriving societies - advancing health in the well-being economy](#)
[Health in the well-being economy: background paper: working together to achieve healthy, fairer, prosperous societies across the WHO European Region](#)
[Developing a framework to assess human, social, economic and planetary well-being for health \(who.int\)](#)
[Deep dives on the well-being economy showcasing the experiences of Finland, Iceland, Scotland and Wales: summary of key findings \(who.int\)](#)

Ábyrgð:

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara í samstarfi við fjármála og áhættustýringarsvið

Samstarfsaðilar:

Embætti landlæknis,
Samband Íslenskra sveitarfélaga,
forsætisráðuneytið

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: 2027